

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur
fatlaðra nr. 605/1989, sbr. rg. nr. 268/1990 og rg. nr. 498/1990.**

1. gr.

Í stað orðanna „28. febrúar 1991“ í ákvæði til bráðabirgða II komi „31. desember 1991.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Margrét Margeirsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 365/1990, um samvinnu heilsugæslu-
stöðva í Reykjavíkurlæknishéraði og um kjör fulltrúa starfsmanna
í stjórnir þeirra.**

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, sem verði 4. tl. og hljóði svo:

Heimilislæknastöðin hf., sem annast framkvæmd og rekstur heilsugæslustöðvar Laugar-
ness H2, í Miðbæjarumdæmi, skv. samningi við stjórn Miðbæjarumdæmis frá 10. janúar 1991,
tilnefnir einn fulltrúa til setu á fundum stjórnar heilsugæsluumdæmis Miðbæjar og hefur hann
málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar. Gildir þessi skipan til ársloka 1994, nema samningi
verði sagt upp í samræmi við ákvæði hans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. tl. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjón-
ustu, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. mars 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.